UMHVERFIS
STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 5. október 2020
UST202003-193/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Olíudreifing - Húsavík - Lokunareftirlit þann 9.9.2020**

Þann 9. september sl. fór fram lokunareftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Grafið var í hauginn á meðan eftirlitið fór fram, á alls fjórum stöðum og sýni tekin. Var enga olíulykt að finna né brák að sjá við vatnsprófi. Haugurinn telst því orðinn hreinn. Rekstraraðili telur lóðina tilbúna til undirbúnings afhendingar og hefur eftirlitsaðili staðfest að olíumengaður jarðvegur hefur brotið sig með fullnægjandi hætti. Afhending lóðar verður skv. gerðu samkomulagi við sveitarfélagið Norðurþing.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFIS STOFNUN

**Olíudreifing Húsavík**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 9.9.2020 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Olíudreifing | **Eftirlitsmaður** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Heimili** | Hólmaslóð 8 - 10 | **Tegund eftirlits** | Lokunareftirlit |
| **Kennitala** | 6606952069 | **Flokkur** | Olía |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gestur Guðjónsson | **ÍSAT nr.** | 63.40 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | 574394,29 617922,761 |

**NIÐURSTAÐA EFTIRLITS**

Farið var í vettvangseftirlit vegna lokunar olíubirgðastöðvar Olíudreifingar á Húsavík. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2022 en nær engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá síðasta eftirliti.
Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

**UMFANG EFTIRLITS**

Í stöðinni er heimilt að geyma allt að 120 m$^3$ af olíu og þar af allt að 60m$^3$ í stærsta geymi. Einnig er heimil móttaka á úrgangsolíu. Fimm geymar voru í stöðinni og hafa þeir allir verið fjarlægðir nema láréttur tvöfaldur geymir nr. T0202 sem stendur tómur og býður flutnings. Lekavarnarþró hefur verið fjarlægð og allar lagnir blindaðar og aftengdar.

Samkomulag var gert árið 2015 um skil rekstraraðila á lóðinni til Norðurþings þar sem fram kemur að rekstraraðili beri ábyrgð á hreinsun lóðarinnar fyrir afhendingu hennar. Norðurþing sendi til eftirlitsaðila, þann 28. október 2015, áætlun um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs á lóðinni. Olíumenguðum jarðveg var komið fyrir í haug, norð-austast á lóðinni og hefur verið látinn brjóta sig síðustu 3 árin. Var haugnum síðast snúið við nú í vor. Grafið var í hauginn á meðan eftirlitið fór fram, á alls fjórum stöðum og sýni tekin. Var enga olíulykt að finna né brák að sjá við vatnsprófi. Haugurinn telst því orðinn hreinn.

Rekstraraðili telur lóðina tilbúna til undirbúnings afhendingar og hefur eftirlitsaðili staðfest að olíumengaður jarðvegur hefur brotið sig með fullnægjandi hætti.

**ÁBENDINGAR**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

**ANNAÐ**

Skemma á lóðinni hefur verið leigð út og er notuð sem geymslurými fyrir Olíuverzlun Íslands. Stöðvarhús og afgreiðsluplan er enn til staðar á lóðinni. Hlið stóð opið við komu.

Afhending lóðar verður skv. gerðu samkomulagi við sveitarfélagið Norðurþing.

Reykjavík, 05.10.2020

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.